




## SKIPULAGSLÝSINGS

Deiliskipulag gatnamóta við Glerártorg

29.01.2018



Akureyrarbær



## EFNISYFIRLIT

|            |                                                  |          |
|------------|--------------------------------------------------|----------|
| <b>1</b>   | <b>INNGANGUR</b>                                 | <b>3</b> |
| <b>1.1</b> | <b>Almennt</b>                                   | <b>3</b> |
| <b>1.2</b> | <b>Skipulagslýsing</b>                           | <b>3</b> |
| <b>2</b>   | <b>FORSENDUR</b>                                 | <b>3</b> |
| <b>2.1</b> | <b>Viðfangsefni og markmið</b>                   | <b>3</b> |
| <b>2.2</b> | <b>Umhverfi og staðhættir – núverandi ástand</b> | <b>4</b> |
| 2.2.1      | Deiliskipulagssvæðið                             | 4        |
| 2.2.2      | Hljóðvist                                        | 5        |
| 2.2.3      | Umferð                                           | 5        |
| <b>2.3</b> | <b>Tengsl við aðrar áætlanir</b>                 | <b>5</b> |
| 2.3.1      | Aðalskipulag                                     | 5        |
| 2.3.2      | Deiliskipulag                                    | 7        |
| <b>3</b>   | <b>DEILISKIPULAG</b>                             | <b>7</b> |
| <b>4</b>   | <b>KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLIÐ</b>        | <b>8</b> |
| <b>4.1</b> | <b>Kynning og samráð</b>                         | <b>8</b> |
| <b>4.2</b> | <b>Skipulagsferlið</b>                           | <b>8</b> |

## MYNDASKRÁ

|                                                                                                                        |   |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---|
| Mynd 1. Staðsetning fyrirhugaðs skipulagssvæðis merkt með rauðri brotinni línu.                                        | 4 |
| Mynd 2. Staðsetning deiliskipulagssvæðis á þéttbýlisuppdráetti tillögu að nýju aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2018-2030. | 6 |
| Mynd 3. Aðliggjandi skipulagsáætlanir eru merktar inn á kotað. Skipulagssvæðið er afmarkað með rauðri brotalínu.       | 7 |

## 1 INNGANGUR

### 1.1 Almennt

Fyrirhugað er að breyta útfærslu gatnamóta Glerárgötu og Tryggvabrautar. Nú í sumar er ráðgert að breyta ljósastýringu gatnamóta Glerárgötu – Tryggvabraut og verja vintribeygjur til að bæta umferðaröryggi gatnamótanna. Þörf er á að skoða frekari breytingar á gatnamótunum með það að markmiði að stuðla að bættu umferðarflæði og auknum afköstum.

Ennfremur er þörf á að skoða vegtengingar inn á Tryggvabraut, frá Glerárgötu og fram yfir þórsstíg. Þá eru lóðarmörk norðan Tryggvabrautar mörg hver óljós. Samhliða þarf að útfæra legu stíga.

### 1.2 Skipulagslýsing

Hér er sett fram skipulagslýsing vegna gerð nýs deiliskipulags fyrir gatnamót Glerárgötu-Tryggvabrautar ásamt útfærslu Tryggvabrautar milli Glerárgötu og Þórsstígs. Skipulagslýsingin er unnin í samræmi við gr. 5.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Tilgangurinn með gerð lýsingarinnar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórnum og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 40 gr. skipulagsbla nr. 123/2010 skal sveitarstjórн taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórн hafi við skipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.

Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum deiliskipulagsins og komandi skipulagsvinnu.


## 2 FORSENDUR

### 2.1 Viðfangsefni og markmið

Forsendur og markmið með deiliskipulaginu er m.a. að:

- Skilgreina hvaða endurbætur eru þarfar á núverandi gatnamótum og setja inn í deiliskipulag
- Auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð
- Sérstaklega verður endurskoðuð aðkoma að aðgengi að lóð Olís við Tryggvabraut 1 og mun afmörkun skipulagsins taka mið af þeim lausnum
- Önnur atriði verða ennfremur skoðuð á Tryggvabraut:
  - Tenging þórsstígs og Hvannavella við Tryggvabraut
  - Tengingar inn á lóðir við Tryggvabraut

- Staðsetning og útfærsla stíga
- Staðsetning og útfærsla stoppistöðva strætó
- Skilgreina staðsetningu á nýrri hitaveitulögn
- Göngubrú yfir Glerá
- Bæta við hægri frárein frá Þórunnarstræti til suðurs inn á Glerárgötu



**Mynd 1.** Staðsetning fyrirhugaðs skipulagssvæðis merkt með rauðri brotinni línu.

## 2.2 Umhverfi og staðhættir – núverandi ástand

### 2.2.1 Deiliskipulagssvæðið

Umrædd gatnamót eru þar sem Hörgárbraut/Glerárgata og Borgarbraut/Tryggvabraut mætast sunnan Glerár. Í dag eru gatnamótin ljósstýrð með tveggja fasa umferðarljósum, þ.e. Hörgárbraut og Glerárgata saman á fasa og Borgarbraut og Tryggvabraut á öðrum fasa. Á annatíma verða raðir við umferðarljósin. Á síðustu árum hafa orðið mörg umferðarslys á gatnamótunum, sérstaklega umferðarslys vegna vintribeygja á gatnamótunum. Á annatímum verða oft raðir á umferðarljósunum sem skapa tafir fyrir ökumenn. Til þess að draga úr slysum og auka umferðaröryggi miðar deiliskipulagið að því að útfæra gatnamót með fjögurra fasa umferðarljósum, þ.e. með sérstökum fösum fyrir vintribeygjur. Samhliða því þarf að fylgja akreinum til að auka afköst gatnamótanna.

Deiliskipulagið nær einnig að gatnamótum Tryggvabrautar og Hvannavalla og austur að gatnamótum Tryggvabrautar og Þórsstígs. Úfærsla Tryggvabrautar verður skoðuð með það að markmiði að tryggja umferð óvarinna vegfarenda. Einnig verða gatnamót Tryggvabrautar og Þórsstígs og Hvannavalla útfærð sem og tengingar inn á lóðir.

Í dag eru mjóar gangstéttir meðfram Hörgárbraut sem tengja saman svæðin norðan og sunnan við Glerá. Gert er ráð fyrir nýrri göngubrú yfir Glerá ofan á fyrirhugaðri hitaveitulögn.

## 2.2.2 Hljóðvist

Gerð verða hljóðkort fyrir núverandi útfærslu gatnamótanna og Tryggvabrautar sem og breytta útfærslu. Við hljóðvistar útreikninga verður einnig horft til 2030 (12 ár fram í tímamann) í samræmi við Aðalskipulag sem er í auglýsingu.

## 2.2.3 Umferð

Samkvæmt upplýsingum um umferðaspár úr aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030<sup>1</sup> var umferð á Glerárgötu sunnan Tryggvabrautar eftifarandi.

|                                  | ÁDU    | SDU    | VDU    |
|----------------------------------|--------|--------|--------|
| Glerárgata sunnan Tryggvabrautar | 15.187 | 18.175 | 13.036 |

Áætluð ÁDU um Tryggvabraut við Glerárgötu er um 9.000 ökutæki á sólarhring


## 2.3 Tengsl við aðrar áætlanir

### 2.3.1 Aðalskipulag

Í gildi er aðalskipulag Akureyrabæjar 2005-2018, í auglýsingu er aðalskipulag Akureyrabæjar 2018-2030. Deiliskipulagstillagan er unnin á grundvelli þess aðalskipulags sem er í auglýsingu þ.e. aðalskipulags Akureyrabæjar 2018-2030 enda er um óverulegan mun að ræða á þessu svæði frá gildandi skipulagi. Hörgárbraut/Glerárgata eru skilgreindar sem stofnbrautir en Borgarbraut sem tengivegur og Tryggvabraut sem aðrir vegir og götur. Nærliggjandi svæði eru skilgreind sem verslun og þjónusta (Vþ6, Vþ3, Vþ5), athafnasvæði (AT3) og dælustöð fráveitu. Glerá er skilgreind sem vötn, ár og sjór (V) og norðan Glerá er íbúðarbyggð (ÍB).

---


<sup>1</sup> Mannvit. *Umferðarspár 2030, Aðalskipulag Akueyrar 2018-2030*. Febrúar 2017.



**Mynd 2.** Staðsetning deiliskipulagssvæðis á þéttbýlisupprætti tillögu að nýju aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2018-2030.

Í markmiðum tillögu að nýju aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2018-2030 kemur fram að samgöngur til og frá bæjarins, hvort heldur á landi, í lofti eða á sjó, verði greiðar, samþættar og öruggar. Áhersla er lögð á greiðfæra umferð á stofn- og tengibrautum, þannig að þær anni því umferðarmagni sem þeim er ætlað. Nýtt deiliskipulag er liður í að uppfylla þessi markmið.

Hluti þess svæðis sem nýtt deiliskipulag nær yfir fellur inn á Rammahluta Aðalskipulags Akureyrar Oddeyri, 16.08.2017, og þarf að horfa til þess við deiliskipulagsvinnuna.



**Mynd 3.** Aðliggjandi skipulagsáætlanir eru merktar inn á kótið. Skipulagssvæðið er afmarkað með rauðri brotalínu.

### 2.3.2 Deiliskipulag

Ekkert heildstætt deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

Framkvæmdin mun hafa áhrifa á eftirtaldar núgildandi skipulagsáætlanir, gert er ráð fyrir að þeim verði breytt samahliða eftir þörfum:

- Deiliskipulag Glerár, frá stíflu til sjávar. 15.06.2010
- Verksmiðjusvæði Gleráreyrum. 04.03.2000

Einnig hefur verið unnin tillaga að deiliskipulagi fyrir Hvannavelli en það skipulag er óstaðfest.

## 3 DEILISKIPULAG

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög nr.105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem deiliskipulagið mun ekki fela í sér framkvæmdir sem eru taldar upp í 1. viðauka sömu laga. Aftur á móti verður gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 5.4 gr. skipulagsreglugerðar 90/2013.

Megináhersla deiliskipulagsins er að bæta umferðaflæði gatnamótanna, tryggja öruggar samgöngur fyrir óvarða vegfarendur og skilgreina nýja hitaveitulögn um svæðið.

Engar þekktar fornleifar eru á svæðinu.

## 4 KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLIÐ

### 4.1 Kynning og samráð

Skipulagslýsing verður send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum eftir að hún hefur verið samþykkt af sveitarstjórn. Umsagnaraðilum og almenningi er gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins. Skipulagslýsing verður auglýst í blöðum og verður til sýnis á bæjarskrifstofu Akureyrarbæjar Geislagötu 9, 600 Akureyri. Einnig verður skipulagslýsingin aðgengileg á heimasíðu Akueyrarbæjar [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is). Þeir sem hafa athugasemdir eða ábendingar við lýsingu þessa er bent á að hafa samband við skipulagssvið Akureyrarbæjar fyrir **xx.febrúar 2018** á skrifstofum bæjarins að Geislagötu 9, 600 Akureyri eða á netfangið [skipulagssvid@akureyri.is](mailto:skipulagssvid@akureyri.is).

Samráðs- og umsagnaraðilar:

- Olís bensínstöð
- N1 smurstöð
- Ellingsen
- Höldur
- Lóðarhafar við Glerárgötu 36 (Fasteignafélagið Klapir ehf. og Festi fasteignir ehf.)
- Glerártorg
- Norðurorka
- Vegagerðin

### 4.2 Skipulagsferlið

|                   |                                                                                                                                                  |
|-------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Janúar 2018       | Skipulags- og matslýsing (lýsing) samþykkt til auglýsingar í skipulagsráði og í framhaldinu gerð aðgengileg á vef Akureyrarbæjar.                |
| Janúar 2018       | Lýsing samþykkt í bæjarstjórn.                                                                                                                   |
| Febrúar 2018      | Lýsing send til umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagaraðila sem eru skilgreindir hér að neðan.                                           |
| Feb – mars 2018   | Deiliskipulagstillaga unnin.                                                                                                                     |
| Mars 2018         | Drög að deiliskipulagi kynnt fyrir hagsmunaaðilum. Unnið úr ábendingum til frekari vinnslu inn í skipulagið.                                     |
| Apríl - júní 2018 | Deiliskipulagstillaga afgreidd og samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa og á fundi skipulagsráðs. Deiliskipulagstillaga kynnt og auglýst. |

- |                |                                                       |
|----------------|-------------------------------------------------------|
| Ágúst 2018     | Athugasemdum svarað og svör afgreidd í skipulagsráði. |
| Ágúst 2018     | Tekið fyrir í bæjarstjórn.                            |
| Ágúst 2018     | Tillaga send Skipulagsstofnun.                        |
| September 2018 | Tillag auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.             |